

Fimmtudaginn 17. desember 1998.

Nr. 207/1998.

**Vilhjálmur Svan Jóhannsson og
Stefán Axel Stefánsson**

(Róbert Árni Hreiðarsson hdl.)

gegn

Grosch Export b.v.

(Bjarni S. Ásgeirsson hrl.)

Lánssamningur. Févíti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar 15. maí 1998. Þeir krefjast aðallega sýknu, en til vara, að kröfur stefnda verði lækkaðar. Þá krefjast þeir málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Hjörtur O. Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Auk áfrýjenda stóð einkahlutafélagið Leifur heppni að áfrýjun málsins. Við munnlegan flutning þess fyrir Hæstarétti var skýrt frá því, að bú félagsins hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta 5. nóvember sl. og skiptastjóri þrotabúsins ákveðið að halda ekki fram hagsmunum þess í málinu. Var fallið frá áfrýjun málsins af hálfu félagsins.

Í héraðsdómi er rakið efni sammings áfrýjenda og Leifs heppna ehf. við stefnda, sem gerður var 5. nóvember 1996. Samkvæmt 6. tl. 1. gr. hans skuldbundu hinir fyrrnefndu sig til að endurgreiða stefnda án tafar lán samkvæmt samningnum auk vaxta, ef þeir hættu að reka veitingastofu að Lækjargötu 2 í Reykjavík eða fram-seldu eða leigðu hana öðrum. Í 1. tl. 4. gr. er einnig fjallað um réttarstöðu sammingsaðila, ef veitingastofan yrði seld eða leigð öðrum. Skuldbundu áfrýjendur sig til að hlutast þá til um, að nýr rekstraraðili tæki skriflega á sig skuldbindingar þeirra við stefnda. Skyldi það gert með þeim hætti, sem stefndi setti sig við, og kynnt honum með hæfilegum fyrirvara.

Áfrýjendur vanefndu skyldu sína samkvæmt þessu samnings-ákvæði, eins og nánar er greint í héraðsdómi. Var stefnda heimilt að krefjast endurgreiðslu lánsins auk sérstaks févítis samkvæmt 2. tl. 4. gr. samningsins. Fyrir Hæstarétti hreyfðu áfrýjendur andmælum gegn kröfu stefnda um greiðslu févítis, með því að samningsákvæðið væri ósanngjarnt. Þeirri málsástæðu mótmælti stefndi, þar eð hún væri of seint fram komin. Verður henni hafnað þegar af þeirri ástæðu. Áfrýjendur verða ekki heldur leystir undan því að efna samninginn af þeirri ástæðu, að stefndi hafi náð samningi um samstarf við nýjan rekstraráðila veitingastofunnar, en sá samningur fól ekki í sér, að hinn síðastnefndi tæki á sig skuldbindingar áfrýjenda gagnvart stefnda. Þá hafa áfrýjendur ekki rennt stoðum undir þá staðhæfingu, að tæknileg vandkvæði við að afgreiða framleiðsluvöru stefnda til viðskiptamanna verði rakin til atvika, sem stefndi beri ábyrgð á.

Kröfu um upphafstíma dráttarvaxta var ekki mótmælt í greinargerð áfrýjenda í héraði, og verður hún tekin til greina. Samkvæmt öllu framanröktu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur um annað en málskostnað, en áfrýjendur verða dæmdir til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem verður ákveðinn í einu lagi, eins og segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjendur, Vilhjálmur Svan Jóhannsson og Stefán Axel Stefánsson, greiði óskipt stefnda, Grolsch Export b.v., samtals 500.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 16. febrúar 1998.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. janúar sl., er höfðað með stefnu, út gefinni 2. maí sl. og birtri 22. maí sl.

Stefnandi er Grolsch Export b.v., Enschede, Hollandi.

Stefndu eru Vilhjálmur Svan Jóhannsson, kt. 160846-4889, Njálsgötu 59, Reykjavík, Stefán Axel Stefánsson, kt. 291170-2939, Laugavegi 22, Reykjavík, og Leifur heppni ehf., kt. 700996-2399, Lækjargötu 2, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda 2.029.750 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 10. mars 1997 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt reikningi.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda, og jafnframt er krafist málskostnaðar samkvæmt reikningi auk virðisauka-skatts.

Stefndu kröfðust frávísunar í greinargerð, og var munnlegur málflutningur um þá kröfu 14. október sl. Var frávísunarkröfunni hafnað með úrskurði, upp kveðnum 11. nóvember sl.

Málavextir.

Með lánssamningi, dagsettum 5. nóvember 1996, veitti stefnandi stefndu peningalán, að fjárhæð 1.000.000 kr., með ákveðnum skilmálum. Samningurinn fól í sér, að stefndu skyldu kaupa afurðir af stefnanda allan gildistíma samningsins, en stefnandi framleiðir og selur áfengt öl á flöskum og kútum. Samkvæmt samningnum skuldbundu stefndu sig til þess að selja afurðir stefnanda á einkasölugrunni í veitingastað stefndu að Lækjargötu 2 hér í borg. Stefndu skyldu endurgreiða stefnanda lánið með árlegum greiðslum í sjö ár, 142.380 kr., auk áfallinna 7% ársvaxta 1. október ár hvert, í fyrsta sinn 1. október 1997. Að ákveðnum skilyrðum fullnægðum skuldbatt stefnandi sig til þess að falla frá ofangreindum afborgunum. Í samningnum eru ákvæði um gjaldfellingu eftirstöðva lánsins, ef stefndu fullnægja ekki öðrum ákvæðum samningsins. Þá segir í samningi aðila, að óhugsandi sé að skuldajafna greiðsluskyldum rekstraraðila.

Stefnandi heldur því fram, að stefndu hafi vanefnt fjölda ákvæða samningsins, bæði að því er varðar pantanir afurða og skilyrði um forgang og einkasölu afurðanna í veitingastað stefndu. Hafi engar pantanir afurða borist frá stefndu síðan í janúar 1997. Þá hafi stefndu m. a. selt rekstur staðarins án samþykkis stefnanda, eins og áskilið er í samningi aðila. Samkvæmt 4.2. gr. samningsins er kveðið á um févíti, að fjárhæð 1.000.000 kr., án afsláttar eða skuldajöfnunar og án nauðsynlegs dómsúrskurðar vegna þeirrar vanefndar. Stefndu halda því fram, að sífelldar bilanir í tækjum í eigu stefnanda hafi gert það að verkum, að þeim reyndist ókleift að selja framleiðsluvöru stefnanda.

Stefnandi segist margsinnis hafa haft samband við stefndu og bent þeim á vanefndir og lýst yfir, að samningnum kynni að verða rift og krafist endurgreiðslu lánsins, ef ekki yrði bætt úr. Þar sem stefnandi taldi engar efndir hafa orðið af hálfu stefndu, rifti hann samningi aðila 10. mars 1997 og gerði kröfu um endurgreiðslu lánsins.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi reisir kröfur sínar á umræddum láns samningi og vanefnda-ákvæðum hans. Stefnandi vísar til almennra reglna fjármunaréttarins um ábyrgð á fjárskuldbindingum, III. kafla vaxtalaga og málskostnaðarákvæða laga nr. 91/1991.

Stefndu svara því til, að þeir hafi ekki vanefnt samning aðila, heldur hafi vanefndir stefnanda orðið til þess, að viðskipti lögðust af milli aðila. Hafi orðið sífelldar bilanir í tækjum í eigu stefnanda, sem hann bar ábyrgð á, en gerðu það að verkum, að stefndu var ókleift að selja framleiðsluvöru stefnanda.

Stefndu halda því fram, að þessar vanefndir stefnanda hafi orðið til þess, að þeir komust í mikil fjárhagsleg vandræði, og vegna vanskila á leigugjaldi voru þeir knúin til þess að fara með rekstur sinn annað. Það hafi verið forsenda fyrir töku lánsins, að stefndu hafi verið unnt að greiða það af rekstrartekjum veitingastaðarins, eða eftir atvikum, að afborganir féllu niður samkvæmt 7. tl. 1. gr. samningsins. Vanefndir stefnanda hafi gert það ómögulegt, og sé stefndu því óskyld að endurgreiða lánið. Stefnu telja, að með því að halda áfram viðskiptum við nýja rekstraraðila veitingastaðarins að Lækjargötu 2 hafi stefnandi fyrirgert rétti sínum til þess að fá lánið endurgreitt. Lánið hafi farið til endurbóta á húsnæðinu og nýtist því nýjum rekstraraðilum við að selja framleiðsluvörur stefnanda.

Stefndu telja, að með því að halda áfram viðskiptum við nýja rekstraraðila hafi stefnandi í raun viðurkennt þá sem slíka og þar með fyrirgert rétti sínum til að beita févítisákvæði samningsins. Þá hafi vanefndir stefnanda þvingað stefndu til að hætta rekstri veitingastaðarins.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig, að 1.000.000 kr. sé upphaflega lánsfjárhæðin, 29.750 kr. eru 7% samningsvextir frá undirritun samnings 5. nóvember 1996 til 10. mars 1997, er samningi var rift, og 1.000.000 kr. eru févítí samkvæmt 2. tl. 4. gr. samningsins.

Stefndu vísa til almennra reglna samninga- og kröfuréttar og málskostnaðarákvæða laga nr. 91/1991.

Við aðalmeðferð málsins komu fyrir dóm þær Áslaug Björk Eggertsdóttir, kt. 170677-4209, og Íris Magnúsdóttir, kt. 250477-5899, en þær unnu á veitingastaðnum. Þær staðfestu, að illa hefði gengið að afgreiða bjór stefnanda vegna mikillar froðumyndunar. Þá kom fyrir dóm Sturla Jónsson, kt. 040565-5829, en hann tók við rekstri veitingastaðarins. Hann staðfesti vandræði með kútabjórinn vegna mikillar froðumyndunar. Jón Brynjar Jónsson, kt. 151257-2679, skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði séð um viðhald á dælubúnaði bjórs. Hann kannaðist við kvartanir frá veitinga-

staðnum vegna mikillar froðumyndunar og kunnir ekki skýringar á því nema í eitt skipti, er kælir var ekki í sambandi. Þá kvaðst hann hafa látið vita af því, að kútarnir voru geymdir í of miklum hita, en bjór er viðkvæmur fyrir slíku. Þá kvað hann hugsanlegt, að bjór stefnanda væri viðkvæmari en annar bjór.

Forsendur og niðurstaða.

Stefndu hafa ekki mótmælt þeim fullyrðingum stefnanda, að þeir hafi ekki keypt það lágmarksmagn af bjór, sem áskilið var í samningi aðila. Þá er upplýst, að stefndu seldu rekstur veitingastaðarins án samþykkis stefnanda. Samkvæmt skýrum ákvæðum sammings aðila á stefnandi rétt á að krefjast tafarlausrar og fullkominnar endurgreiðslu útistandandi fjárhæðar lánsins ásamt vöxtum, m. a., ef rekstraraðilar hætta algerlega eða að hluta við veitingastofuna eða framselja eða leigja hana öðrum algerlega eða að hluta, og einnig, ef úttekt bjórs verður einhvern tíma innan við 175 hektólítra á ári. Vegna þessara vanefnda rifti stefnandi samningi aðila og krafðist endurgreiðslu lánsfjárhæðar auk févítis samkvæmt 2. tl. 4. gr. sammingsins.

Stefndu halda því fram, að ástæða þess, að þeim tókst ekki að standa við sammingsákvæði um lágmarkskaup á bjór af stefnanda, sé bilun í dælubúnáði, sem hafi leitt til þess, að erfiðlega gekk að framreiða bjórinn vegna froðumyndunar. Ekki er að finna í samningi aðila ákvæði þess efnis, að stefnandi útvegi og beri ábyrgð á tækjabúnaði til bjórframreiðslu. Einnig ber að líta til þess, að í samningi aðila eru ákvæði, sem koma í veg fyrir skuldajöfnuð. Þar sem stefndu hafa ekki sýnt fram á, að framleiðslu stefnanda hafi verið ábótavant, verður að telja, að vandræði vegna froðumyndunar hafi verið á ábyrgð stefndu. Verða kröfur stefnanda því teknar til greina með vöxtum, eins og greinir í dómsorði. Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda in solidum 400.000 krónur í málskostnað.

Hjörtur O. Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Vilhjálmur Svan Jóhannsson, Stefán Axel Stefánsson og Leifur heppni ehf., greiði in solidum stefnanda, Grolsch Export b.v., 2.029.750 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 10. mars 1997 til greiðsludags og 400.000 krónur í málskostnað.